



Til: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>

Efni: Re: 1712003 - Breytingar á landnotkun Rang ytra

Upplýsingar:

Sent: 19.02.2018 14:05:31 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018010090, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018010090

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Rangárþingi ytra, dags. 15. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á landnotkun nokkurra svæða innan sveitarfélagsins. Beðist velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda lýsingu og telur að í henni sé komið inn á flesta þá þætti sem þarf að skoða sjá töflu 1. bls. 16. Við frekari vinnslu á þessu máli vill stofnunin benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig viðkomandi skipulag samræmist almennum markmiðum laga um náttúruvernd sem koma m.a. fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætla, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvarn og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Dags: 15.01.2018 08:41:03
Til: "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>, Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>, Uggi Ævarsson <uggi@minjastofnun.is>
cc: "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "upplýsingar@ferdamalastofa.is" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>
Efni: 1712003 - Breytingar á landnotkun Rang ytra

Komiði sæl

Hér meðfylgjandi í viðhengi er skipulags- og matslýsing vegna nokkurra breytinga á landnotkun í aðalskipulagi sem unnið er að hjá Rangárþingi ytra.

Vinsamlegast veitið mér umsögn ykkar, takk.

Með kveðju,

Har. Birgir Haraldsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi

%7B97210CF2-AE0C-43A7-B8CF-F8DF6E0A8CA4%7D_rangarthing_ytra Rangárþing ytra

Suðurlandsvegi 1-3

850 Hella

Sími 488-7000